

Fundur skólanefndar Menntaskólans við Sund

Dagur: 13.10.2015.

Tími: 17-19.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Skipan skólanefndar og val á formanni
3. Skólanámskrá MS
4. Rekstur skólans
5. Önnur mál

Mætt voru: Friðjón, Halldór, Guðrún, Auðunn, Már og Illeana

1. Fundargerð síðasta fundar: Ekki var gerð athugasemd við fundargerð síðasta fundar
2. Skipan skólanefndar og val á formanni: Rætt var um hlutverk nefndarinnar, Friðjón og síðan var Halldór Gylfason valinn nýr formaður skólanefndar Menntaskólans við Sund.
3. Skólanámskrá MS: Rektor gerði grein fyrir gerð nýrrar skólanámskrár og greindi frá því að stefnt væri að því að skila af sér til ráðuneytis almenna hlutanum í námskránni ásamt lýsingu á þeim brautum til stúdentsprófs sem verða í boði við skólann. Óvist er hvort þar fylgi með lýsing á nýrri styttri námsbraut sem unnið hefur verið að þar sem fjárveitingar til hennar virðast ekki skila sér til skólans.
4. Rekstur skólans: Farið var yfir rekstrarstöðu skólans, bæði stöðuna við áramótin 2014-2015 og áætlun um rekstrarstöðu skólans við árslok 2015. Mikill umsnúningur virðist vera á rekstrinum 2015 og samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sem skilað var til Mennta- og menningarmálaráðuneytis þá verður rekstrarrafkoman 2015 jákvæð og því verður unnt að greiða upp hluta af uppsöfnuðum rekstrarhalla sem tilkominn er vegna ófullnægjandi uppgjörs húsnæðiskosnaðar vegna leigu á húsnæði við Faxafen 10. Í áæltun 2016 er gert ráð fyrir að reksturinn verði í jafnvægi en hægt gangi að greiða upp afganginn af uppsöfnuðum rekstrarhalla. Rektor lagði áherslu á að öll áætlanagerð væri háð því að uppgjör við skólann yrði með eðlilegum hætti en óvissuhættirnir væru margir, t.d. vegna snjóboltaákvæðis kjarasamnings KÍ og ríkisins.
5. Önnur mál: Rætt um húsnæðismál skólans, starfsmannamál, veturinn framundan og tímasetningar á fundum nefndarinnar.

Fundargerð ritaði Már Vilhjálmsson rektor